

## Bár

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Í Bár er tvíbyli; er nokkur spölnur á milli íbúðarhúsanna, er bæði standa á mjóum en löngum hrygg. Nær hann suður að Spjör og austur á móts við Þórdísarstaði, en er þar orðinn að lágu melholti, sem þjóðvegurinn liggur eftir, og lá áður eftir hryggnum, gegnum Bárartúnin, en var fyrir nokkrum árum fluttur upp fyrir þau. Bylin eru aðgreind með Suður- og Norður-Bár.

Húsið í Norður-Bár stendur austast í túninu, er liggur frá hryggnum niður og suðvestur að sjónum. Fyrir austan og sunnan húsið er garðlag eftir háhryggnum; nokkru fyrir sunnan húsið er hryggurinn og garðlagið hæst, myndast þar hóll, heitir þar **Háigarður** (1). Túnmerkin eru heldur sunnar en miðja vega milli húsanna, er þar girðing. Áður voru nokkrar hjáleigur niður við sjóinn. Syðst af þeim sem fylgdu Norður-Bár og eru fyrir norðan túnamerkin var sú er hét **Jaðar** (2) – umhverfis tóftir þess býlis og upp af þeim heitir **Jaðartún** (3); um það á þrjá vega hefur verið garður, sem enn sér fyrir. Í norð-vesturhorni heimatúnsins var þurrabúð, sem **Grænhóll** (4) hét. Sér þar fyrir tóftum. Fyrir sunnan Suður-Bárartún var hjáleiga, sem fylgdi Norður-Bár, hét hún **Hjallatún** (5). Þar sér fyrir túngarði. Fyrir ofan hrygginn sem bæirnir standa á, er flói, sem nær upp undir hálsinn. Flói þessi heitir **Bárarflói** (6). Í honum eru nokkur smáholt, sem engin nöfn hafa.

Á fellur ofan af hálsinum, kemur hún úr vatni á hálsinn sem heitir **Ytravatn** (7). Áin heitir **Bárará** (8). Þar sem hún fellur fram af hálsbrúninni er allhár foss, sem heitir **Bárarfoss** (9). Þegar ofan á flóann kemur kvíslast áin nokkuð og myndar dálitlar eyrar. Síðan fellur hún fyrir norðan túnin, gegnum hrygginn og til sjávar nokkru fyrir sunnan Naustál.

Fyrir norðan ána er á hálsbrúninni allstór hæð, sem heitir **Arnarhóll** (10). Norðvestan undir hálsinum undir hæðinni er býli, sem **Arnarhóll** (11) heitir. Er það sérstök smájörð, en sem nú er í eyði, en hefur verið byggð öðru hverju.

Uppi á **Bárarhálsi** (12), bak við Arnarhólinn, eru holt og lautir inn að vötnum tveimur, er heita Ytravatn og **Innravatn** (13) (sjá Hallbjarnareyri). Fyrir sunnan ána er bungumynduð hæð, sem lækkar norður eftir, er hún kölluð **Hálsbrún** (14) eða **Hálsbarð** (15). Upp og suður frá henni er önnur hæðabunga sem gengur norður úr **Klakk** (16), heitir hún **Hrísfell** (17). Fyrir sunnan ána neðan við hlíðina er holt, sem liggur með henni, heitir það **Langholt** (18).

Fyrir norðan ána, upp við hlíðina, er grjótbyrgi til að reka fé inn í, er þar kallað **Á Stekkjunum** (19).

Neðan við Hrísfellið eru hólar, sem kallaðir eru **Smáhólar** (20). Frá ánni liggur Bárarflói áfram suður undir landamerki á milli Bárar og Spjarar. Sunnan við flóann, á merkjunum, eru þurrar grassléttur, sem heita **Markvellir** (21). Syðst í flóanum niður við holtið, sem þjóðvegurinn liggur eftir, er mýri, sem kölluð er **Kringlumýri** (22). Fyrir sunnan Suður-Bárartúnið kemur lækur ofan úr flóanum, er **Hjallatúnslækur** (23) heitir. Frá holtinu (hryggnum), sem vegur liggur eftir, og niður að sjó, en suður frá túninu eru víðlendir töðugresismóar.

Fram undan Grænhól er sker, sem heitir **Leirklettur** (24), næst fyrir norðan hann er **Sauðsker** (25). Þar fyrir norðan er **Árklettur** (26), er hann norðan til og fram undan árósinum. Suður frá Leirkletti er sker eða klettur, sem **Hrúðurklettur** (27) heitir, og suður frá honum er **Leiðarsker** (28). Fyrir sunnan það eru smásker, sem heita **Höllungar** (29). Milli þeirra og Leiðarskers er leiðin upp í lendinguna, **Bárarleið** (30). Mið á henni er að hjallur, sem stendur á sjávarbakkanum, á að bera í Bárarfoss.

Suður-Bár: Fyrir norðan íbúðarhúsið í Suður-Bár er stór matjurtagarður, fyrir norðan hann liggur flöt frá hryggnum niður með girðingunni, sem er á milli bæjanna, sem heitir **Merkjaflöt** (31). Fyrir neðan heimatúnið er garðlag, sem er leifar af túngarði á milli heimatúnsins og hjáleigutúnanna, sem eru niður við sjóinn, hjáleigurnar eru nú allar í eyði. Nyrzta hjáleigan hét **Traðarkot** (32). Hefur það staðið neðan við túngarðinn. Næst þar fyrir sunnan var **Bakkabær** (33). Stóð hann skammt frá sjávarbakkanum. Fyrir norðan Bakkabæjartún er garðlag, sem liggur frá sjó og upp á hrygginn og svo norður

eftir honum (sjá við Norður-Bár). Fyrir sunnan garðlag þetta, en ofan Bakkabæjartún, hefur verið hjáleiga, sem hét **Brekkubær** (34). Sunnan við Brekkubæjartún er garðlag, þar fyrir sunnan er Hjallatún, sem áður er getið um (sjá Norður-Bár).

Efst í Brekkubæjartúni er völlum, sem **Gunnuvöllur** (35) heitir. Fyrir sunnan Hjallatún, neðst og norðast í mounum, er fornleg girðing, sem heitir **Melagerði** (36). Í gerðinu sér fyrir húsatóftum.

Neðarlega í Suður-Bárartúni, norður við girðinguna, er flöt, sem heitir **Kringluflöt** (37).

**Stafrófsskrá örnefna**

Arnarhóll 10  
Arnarhóll 11  
Á Stekkjunum 19  
Árklettur 26  
Bakkabær 33  
Bárárá 8  
Bárafloí 6  
Bárafoss 9  
Báraháls 12  
Báarleið 30  
Brekubær 34  
Grænhóll 4  
Gunnuvöllur 35  
Háigarður 1  
Hálsbarð 15  
Hálsbrún 14  
Hjallatún 5  
Hjallatúnslækur 23  
Hrísfell 17  
Hrúðurklettur 27  
Höllungar 29  
Innrvatn 13  
Jaðar 2  
Jaðartún 3  
Klakkur 16  
Kringlufloet 37  
Kringlumýri 22  
Langholt 18  
Leiðarsker 28  
Leirklettur 24  
Markvellir 21  
Melagerði 36  
Merkjaflöt 31  
Sauðsker 25  
Smáhólar 20  
Traðarkot 32  
Ytravatn 7